

Endurnýjun kjarasamninga 2013

Kynning Samiðnar

Aðdragandi kjarasamninga 2013

Niðurstöður kjaramálaráðstefnu 20. sept.:

- ▶ Gera samning til 6–12 mánaða með áherslu á efnahagslegan stöðugleika og vaxandi kaupmátt
- ▶ Skammtímasamningurinn (aðfarasamningur) leggi grunn að kjarasamningi og vinnulagi til lengri tíma
- ▶ Að fyrir liggi yfirlýsingar ríkis, sveitarfélaga og fyrirtækja SA um að gjaldskrár- og launa- hækkunarverði ekki settar út í verðlagið

Aðrar áherslur kjaramálaráðstefnu

- ▶ Frágangur samkomulags um ábyrgð aðalverktaka á kjarasamningsbundnum réttindum starfsmanna undirverktaka
- ▶ Að yfirlýsing frá árinu 2011 um jöfnun lífeyrisréttinda komi til framkvæmda
- ▶ Að gert verði samkomulag um aðgerðir í húsnæðismálum

Kjarasamningur 21. desember 2013

- ▶ Allir kjarasamningar aðila, að frátöldum kaupliðum, framlengjast óbreyttir til 31. desember 2014, þ.m.t. sérkjarasamningar sem teljast hlutar aðalkjarasamninga
- ▶ Afgreiðslu kjarasamningsins skal lokið fyrir kl. 16 þann 22. janúar 2014

Þann 1. janúar 2014 hækka laun sem hér segir:

- ▶ Almenn hækkun launa / kauptaxta er 2,8% en að lágmarki 8000 kr.
- ▶ Aðrir kjarasamningstengdir liðir hækka um 2,8% s.s fæðisgjald, verkfæra- og fatagjald
- ▶ Lágmarkstekjur fyrir fullt starf hjá starfsmönnum 18 ára og eldri, sem starfað hafa 4 mánuði samfelld hjá sama fyrirtæki, verða 214.000 kr. (getur átt við iðnnema)

Desember- og orlofsuppbót

- ▶ 2014 verður:
 - Desemberuppbót 53.600 kr.
 - Orlofsuppbót 29.500 kr.

Veikindi í orlofi gr. 4.2

- ▶ Breytingin á gr. 4.2. er tvíþætt.
- ▶ Í fyrsta lagi er reglan um 3 sólarhringa veikindi sem forsendu uppbótar látin taka til EES, Kanada og USA en þar giltu 6 dagar áður.
- ▶ Í öðru lagi er heiti ákvæðisins breytt þ.e.a.s. slys eru tiltekin og bætt við lokamálgrein um að ákvæðin taki til slysa í orlofi.
- ▶ Það var almenna túlkunin áður þar sem slys væru ekki nefnd ætti ákvæðið ekki við um þau.

Framlög til fræðslu- og starfsmenntasjóða

- ▶ Hækkun framlaga til fræðslu og starfsmennta-sjóða um 0,10% komi til framkvæmda sem hér segir:
 - 1. janúar 2014 til Landsmenntar og Starfsafls
 - 1. júní 2014 til fræðslusjóða iðnaðarmanna
 - 1. janúar 2015 til Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks

Aðfarasamningur

- ▶ Við gildistöku þessa samnings hefjast viðræður um endurnýjun kjarasamninga sem taki gildi við lok samningsins
Efnahagsumgjörðin:
- ▶ Á samráðsvettvangi ríkisstjórnar og aðila vinnumarkaðarins verður unnið að því að markmið samningsins nái fram að ganga (sjá „Efnisatriði í samtali við stjórnvöld“)
- ▶ Lagður verði grunnur að því að koma á varanlegum efnahagslegum og félagslegum stöðugleika

Í efnahagslegum stöðugleika felst:

- ▶ Að launabreytingar, hvort sem þær eru kjarasamnings- eða einstaklingsbundnar, samrýmist stöðugu verðlagi
- ▶ Að gengi krónunnar verði sem stöðugast, bæði innan hvers árs og milli ára
- ▶ Að stöðugra efnahagsumhverfi stuðli að sambærilegum vöxtum og í nágranna- löndunum

Aðgerðir til stuðnings kaupmætti

- ▶ Ákvarðanir um hækkun krónutölugjalda í fjárlögum ríkisins og gjaldskrár ríkis og sveitarfélaga, auk fyrirtækja í þeirra eigu, vegna ársins 2014 samrýmist stöðugu verðlagi
- ▶ Fyrirtæki gæti ýtrasta aðhalds í verðákvörðunum sínum
- ▶ Takmörkuð verði sjálfvirk verðuppfærsla fyrirtækja og stofnana
- ▶ Vörugjöld og tollar verði endurskoðaðir með lækkun verðlags að markmiði
- ▶ Aðilar samningsins munu sameiginlega og hvor í sínu lagi beita sér fyrir verðstöðugleika og aðhaldi í verðlagsmálum
- ▶ Launabreytingar á samningstímanum samrýmist verðbólgu markmiðinu 2,5% og að hækkun launavísitölu verði innan við 4%

Viðræðuáætlun næsta samnings*

- ▶ Markmið
- ▶ Gildissvið
- ▶ Samningsumboð
- ▶ Launatölfræði og efnahagsupplýsingar
- ▶ Sérmaál önnur en launaliður
- ▶ Endurskoðun viðræðuáætlunar
- ▶ Launaliðir
- ▶ Fyrirkomulag samningsviðræðna
- ▶ Fundaáætlun og tímasett markmið
- ▶ Lok viðræðna

Sameiginleg launastefna

- ▶ Framangreind niðurstaða kjarasamninga felur í sér að mótuð hefur verið sameiginleg og samræmd launastefna gagnvart þeim samningum sem eru ógerðir á samnings sviði aðila. Samningsaðilar skuldbinda sig til þess að framfylgja framangreindri launastefnu.
- ▶ Í þessu felst að dagvinnulaun sem eru samsett af grunnlaunum og aukagreiðslum og/eða álögum hvort sem er í formi prósentu eða fastrar fjárhæðar innan dagvinnumarkna, þarf að aðlaga þannig að fjárhæðir aukagreiðslna og álaga hækki um 2,8%.

Starfsmenntamál

- ▶ Aðilar eru sammála um að ráðast í sameiginlega úttekt á núverandi fyrirkomulagi fræðslu- og starfsmenntunar með það að markmiði:
 - Að auka vægi náms sem metið er til eininga eða viðurkenndrar færni á vinnumarkaði
 - Stuðla að auknu samstarfi milli sjóða til hagræðis fyrir fyrirtæki og einstaklinga og koma á sameiginlegri vefgátt fyrir þá
 - Að ráðast í átak til að kynna sjóðina og þann ávinning sem þangað er að sækja

Niðurstaða

- ▶ Kjarasamningurinn sem var undirritaður 21. desember s.l. og hefur hér verið kynntur er í stórum dráttum í anda þeirrar stefnu sem Samiðn og aðildarfélögin lögðu upp með eftir kjaramálaráðstefnuna 20. september 2013.
- ▶ Samninganefnd Samiðnar mælir með að samningurinn verði samþykktur

Yfirlýsing fjármálaráðherra

- ▶ Skattprósenta í miðprepi tekjuskatts lækkar úr 25,8% í 23.3% og efri mörk lægsta þreps hækka úr 241.476 kr. í 290.000 kr.
- ▶ Næstu tvö árin verði gjaldsskrár ríkisins undir verðbólguþéttum Seðlabanka Íslands, sem er 2,5%, náist markmið kjarasamninga.
- ▶ Við samþykkt samninganna verða endurskoðaðar til lækkunar vissar breytingar á gjöldum til að stuðla að því að verðlagsáhrif, sem af þeim leiði verði minni en ella og í samræmi við verðbólguþéttum Sí.
- ▶ Ríkisstjórnin mun áfram vinna að umbótum í menntamálum þeirra sem litla menntun hafa
- ▶ Að gætt verði aðhalds hjá fyrirtækjum í ríkiseigu varðandi gjaldskrárbreytinga
- ▶ Komið verði á fastanefnd um samskipti hins opinbera og aðila vinnumarkaðarins m.a til að stuðla að aðhaldi í verðlagsmálum. Endurskoðun á virðisaukakerfinu sem senn hefst verður unnin í samráði við samtök atvinnuveitenda og launþega

Breytingar á kauptöxtum

	31.12. 2013	1.1. 2014	Breyting
▶ Byrjunarlaun	269.555	277.555	8.000 kr.
▶ Eftir 1 ár	276.366	284.366	8.000 kr.
▶ Eftir 3 ár	281.704	289.704	8.000 kr.
▶ Eftir 5 ár	287.202	295.244	8.042 kr.
▶ Eftir 7 ár	292.771	300.969	8.198 kr.
▶ Iðnaðarmaður með 5 ára sveinspróf og meistararéttindi. Iðnaðarmaður með tvöfalt sveinspróf sem bæði nýtast í starfi	305.000	313.540	8.540 kr.
▶ Launaflokkur 2. Iðnaðarmenn án sveinsprófs			
▶ Byrjunarlaun	246.000	254.000	8.000 kr.
▶ Eftir 1 ár	252,129	260.129	8.000 kr.

Hækkun launa og lækkun skatta

1. janúar 2014

Mánaðarlaun í kr.		Launahækkun á mánuði ⁺	Skattalækkun [*]	Skattalækkun ^{**}	Samtals	Breyting í % ^{**}	Breyting í % ^{****}
190.000	230.000	9.750	0	2.036	11.786	5,1–4,3%	6,2–5,4%
235.000	285.000	8.000	0 – 539	2.036	10.036	4,2–3,0%	5,2–3,9%
300.000		8.400	957	2.429	11.786	3,10%	3,90%
350.000		9.800	1.245	2.429	13.474	3,20%	3,80%
400.000****		11.200	1.485	2.429	15.114	3,20%	3,80%
450.000****		12.600	1.725	2.429	16.754	3,20%	3,70%
500.000****		14.000	1.965	2.429	18.394	3,20%	3,70%
600.000		16.800	2.445	2.429	21.674	3,20%	3,60%
700.000		19.600	2.925	2.429	24.954	3,20%	3,60%
800.000		22.400	3.405	4.138	29.943	3,20%	3,70%
900.000		25.200	3.470	4.913	33.583	3,20%	3,70%
1.000.000		28.000	3.470	4.913	36.383	3,10%	3,60%

+ Sérstök hækkun launataxta hjá SGS og Flóabandalaginu er 1. launaflokkur en hjá VR og LÍV hækka taxtar undir 230 þús.kr. um 9.750 kr. sem er meðaltalið milli flokka í launatöflu SGS og Flóabandalagsins.

* Áhrif breytinga á lögum um tekjuskatt 1. janúar 2014.

** Áhrif af verðtryggingu persónuafsláttar sem ASÍ samdi um 2006, og hækkun tekjumarkna skv. lögum.

*** Hlutfallsleg hækkun vegna launabreytinga og breytingar á lögum um tekjuskatt 1. janúar 2014

*** Hlutfallsleg hækkun vegna launabreytinga og skattalækkana

**** Meðallaun Samiðnar

Nemakjör

	31.12.2013	01.01.2014	Breyting
▶ Fyrstu 12 vikurnar	185.532	195.282	9.750 kr.
▶ Næstu 12 vikurnar	196.872	206.622	9.750 kr.
▶ Eftir 24 vikurnar	208.215	217.965	9.750 kr.

Afgreiðsla samningsins

- ▶ Niðurstöðu afgreiðslu samningsins þarf að tilkynna fyrir kl. 16 þann 22. janúar n.k.
- ▶ Form afgreiðslu samningsins er í höndum hvers aðildarfélags fyrir sig